



Auður heiti ég og býð mig fram til kirkjuþings í vor.

Af hverju? Það er góð spurning, til mín kom góð kona sem ég ber virðingu fyrir og lít upp til og stakk upp á að ég myndi gefa kost á mér. Eftir smá umhugsun finnst mér það sjálfsagt, ef fólki finnst að ég og mín reynsla og sjónarmið hafi eitthvað að gera á kirkjuþingi þá er ég tilbúin að leggja mitt af mörkum.

Ég er 43 ára og hef verið gift Óskari Þór Vilhjálmssyni í rúm tuttugu ár og eigum við fjögur börn, Minnu Kristínu 17 ára, fermingarstúlkuna Lilju Karlottu, Þórunni Kolku 4 ára og Kormák Villa eins árs. Við höfum búið í Öldu í Eyjafjarðarsveit síðastliðin 10 ár og ég hef verið formaður sóknarnefndar Saurbæjarkirkju þar í nokkur ár. Núna líkur því starfi þar sem við höfum sameinast fjórum öðrum sóknum í sveitinni og stofnað Grundarsókn. Einnig er ég formaður kvenfélagsins Hjálparinnar sem er gefandi og skemmtilegt starf.

Ég er svokölluð landsbyggðartúttá, fædd í Saurbæjarhreppnum gamla og búið víða um landið. Aðallega í Eyjafirðinum, til dæmis í Hrísey, Ólafsfirði, Akureyri en líka suður í Biskupstungum og á Kjalarnesi, auk þess að búa í Þýskalandi í 2 ár. Ég vinn á söluskrifstofu Samherja og er menntaður viðskiptafræðingur með kennsluréttindi í grunn- og framhaldsskólum auk þess að vera heilsumeistari.

Fyrst og síðast hvet ég ykkur kjósendur til að nýta kosningaréttinn ykkar fyrir kirkjuþing og myndi stolt sitja fyrir ykkur þar.

Með vinsemd og virðingu

Auður Thorberg Jónasdóttir